

141
18. júní

Samþykkt

**um breyting á samþykkt um lækning hunda af bandormum o. fl.
í Austur-Skaftafellssýslu frá 6. nóv. 1893.**

1. Inn í 2. gr. komi á eftir »april«: eða maí.
2. Aftan við fyrri málsgrein 3. gr. bætist: Nota má og arekaduft eða annað læknislyf, sem hafi sömu verkanir.

Samkvæmt ályktun sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu á aðalfundi hennar 16.—17. maí 1919.

Skrifstofu Skaftafellssýslu 18. júní 1919.

Gisli Sveinsson.

142
2. júlí

Auglýsing.

Hjermeð auglýsist, að útflutningur á íslenskum afurðum, sem framleiddar eru á yfirstandandi ári, að undanskildum hrossum, er frjáls frá og með deginum í dag. Jafnframt eru úr gildi numln ákvæði þau, sem sett hafa verið um greindan útflutning.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 2. júlí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.